

legt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur. Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið í vörslu sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitjar hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan eins sólarhrings og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Ofangreind samþykkt Hreppsnefndar Selfosshrepps staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Inqimar Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við tímalaun starfsfólks ásamt launatengdum gjöldum.

1. taxti	kr.	0
2. taxti	—	300
3. taxti	—	540
4. taxti	—	890

2. gr.

Greiðsluskylda neytenda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans og er þá tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstakling eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga:

	Einstaklingur	Hjón og sambýlisfólk
1. taxti	undir kr. — 88 630	undir kr. —144 200
2. taxti	kr. 88 631—137.430	kr. 144 201—192 270
3. taxti	— 137 431—171 780	— 192 271—240 340
4. taxti	— 171 780 og meira	— 240 341 og meira.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber félagsmálaráði að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

Þjónusta innt af hendi eftir 1. desember 1977 skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.115% (0.115 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	Minnst 27.65, en mest 37.10 kr. á m ³
Vörugeymslur	Minnst 20.80, en mest 43.30 kr. á m ³
Aðrar byggingar	Minnst 27.65, en mest 43.30 kr. á m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 3 760.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 21.30 á hvern rúmmeter vatns.